

Resfoam S



Tveggja þátta pólýúretan-resín til innsprautunar til vatnspéttingar á steinsteypu og klöpp/bergi þegar um vatnsleka er að ræða

NOTKUNARSVIÐ

- vatnspétting steinsteypuvirkja og múrverks með sprungum og minni háttar vatnsleka, einnig undir þrýstingi;
- vatnspétting klappar/bergs þar sem vatnsleki er.

NOKKUR DÆMI UM NOTKUN

- vatnspétting á göngum þar sem vatn lekur gegnum sprungur eða óþétt samskeyti milli byggingarhluta;
- innsprautun og vatnspétting með innsprautunar-slöngum;
- vatnspétting á brunnum og vatnsvirkjum þar sem vatn lekur gegnum samskeyti eða sprungur;
- viðgerðir á sprungum í stíflum, skurðum og stíflulokum, jafnvel undir vatnsyfirborði.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Resfoam S er tveggja þátta pólýúretan-resín til innsprautunar sem byggist á einstakri blöndu af ísósýaníðum, fjölalkóhóli og hjálparefnum.

Resfoam S hvarfast þegar það kemst í snertingu við vatn og myndar hálfstökktt frauð, sem er vatnspéttandi.

Resfoam S hvarfast einnig án vatns og myndar sveigjanlegt innsprautunarefni.

Resfoam S inniheldur hvorki halógen né þalat.

Resfoam S fullnægir þeim kröfum sem gerðar eru í EN 1504-9 stöðlum ("Vörur og kerfi fyrir viðgerðir á

steypumannvirkjum: Skilgreiningar, kröfur, gæðaeftirlit og mat á samræmi. Almennar meginreglur um notkun og beitingu kerfa") og kröfum EN 1504-5, ("Innsprautun í steinsteypuvirki").

RÁÐLEGGINGAR

Til að þétta sprungna steinsteypu, sem enginn vatnsleki og ekki mikill raki er í þegar efninu er sprautað í, skal nota **Mapepoxy BI**, **Mapepoxy BI-IMP**, **Mapepoxy BI 1.8** eða **Mapepoxy BI-R** – epoxýresín í fljótandi formi.

Sé til staðar leki undir miklum þrýstingi skal nota **Resfoam 1KM** (með eða án hröðunarefnis). Til að ná hámarksárangri skal við lokafrágang verksins nota annað hvort **Resfoam S** eða **Purgel**, sem tekur sig með hætti sem veitir sveigjanlega einangrun án snertingar við vatn.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Vatnspétting steinsteypu:

Staðsetning innsprautunartækja: Borið holur beggja megin sprungnanna. Stærð holanna verður að passa fyrir þvermál innsprautaranna sem eru notaðir. Séu notaðir útvíkkandi innsprautarar með einstefnuloka er auðvelt að festa þá með því að láta þá skrúfast fasta í vegg holunnar.

Undirbúningur vöru:

Þættir A og B verða að vera a.m.k. +15°C heitir þegar þeim er blandað saman. Þætti A er hellt í þátt B og svo er hrært í með vélþeytara í u.þ.b. 3 mínútur þar til efnið er orðið algjörlega einsleitt.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

UPPLÝSINGAR UM VÖRU	Páttur A	Páttur B	
Litur:	dökkbrúnn	gagnsær	
Útlit:	vökvi	vökvi	
Péttni (g/cm ³):	1,230	1,000	
Seigja (mPa*s) við 23°C:	um það bil 150	um það bil 900	
UPPLÝSINGAR FYRIR NOTKUN VÖRUNNAR			
Blöndunarhlutfall (eftir þyngd):	58:100		
Blöndunarhlutfall (eftir rúmmáli):	1:2		
Hitastig þegar efnið er notað:	+5 til +30°C		
Seigja (mPa*s) við 23°C:	540		
Seigja (mPa*s) við 15°C:	832		
Seigja (mPa*s) við 10°C:	1266		
Seigja (mPa*s) við 5°C:	2097		
Vaxtartími eftir snertingu við vatn við 23°C (sekúndur):	114		
Vaxtartími eftir snertingu við vatn við 15°C (sekúndur):	160		
Vaxtartími eftir snertingu við vatn við 10°C (sekúndur):	208		
Vaxtartími eftir snertingu við vatn við 5°C (sekúndur):	255		
LOKAEIGINLEIKAR			
Flokkun vöru samkvæmt EN 1504-2:2005:	U(S1)W(8)(1/3)(5/30)		
Eiginleikar vörunnar	Prófunar- aðferðir	Kröfur samkvæmt EN 1504-5	Frammistaða vöru
Vatnspéttni:	EN 14068	Vatnspéttni við 2×10^5 Pa	Nær – S1
Þjálni:	EN 12618-2	> 95%	Sprungubreidd: 0,8 mm Rakaástand: þurr og blautt (100%)
Útvíkkunarhlutfall og þróun við geymslu í vatni:	EN 14498	Yfirlýst gildi	$\Delta V_{14dd} = 9,8\%$; $\Delta W_{14dd} = 0,1\%$
Ending – næmi fyrir vatni:	EN 14498 – A	Yfirlýst gildi í % (sem skal ná stöðugu gildi)	$\Delta V_{14dd} = 22\%$; $\Delta W_{14dd} = 0\%$
Ending – næmi fyrir breytingum milli blautra og þurra aðstæðna:	EN 14498 – B	Í samræmi við viðmiðunarmörk í % (20%)	Eftir breytingar milli blautra og þurra aðstæðna breytist útpensluhlutfallið ekki eftir dýfingu í vatn.
Ending – samhæfi við steinsteypu:	EN 12637-1 6.2 og 7.3.1		Minna en 20%

Ekki má þynna efnið!

Innsprautun efnisins:

Sprautið **Resfoam S** stöðugt í sprunguna. **Resfoam S** þenst út um leið og það kemst í snertingu við vatn og þéttir þannig sprungur og stöðvar vatnsleka. Án snertingar við vatn þenst **Resfoam S** ekki út en heldur áfram að streyma inn í sprungurnar og myndar þar sveigjanlegt efni þegar það tekur sig.

Að þétta klöpp og berg:

Efnið er undirbúið með sama hætti og þegar því er sprautað í sprungur í steinsteypuvirkjum. Við innsprautun og þegar **Resfoam S** kemst í snertingu við vatn þenst það út. Þetta veldur dálitlum þrýstingi á bæði klöppina/bergið og jarðveginn og þjappar þeim saman. Fyrir vikið myndast vatnspétt pólýúretan-lag, sem er misþykkt, og innsprautaða efnið þéttist varanlega.

Forðist að nota efnið þegar hitastig lofts og/ eða undirlagsins er lægra en +5°C.

ÞRIF

Verkfæri og áhöld verður að þrifa þegar í stað eftir notkun með jarðolíu eða þynni. Notið ekki iðnaðarspritt, etanol eða önnur vatnsleysanleg efni þar sem þau setja af stað þensluferli. Hörðnuðu frauði í búnaðinum verður að ná úr með afli.

MAGN SEM ER NOTAD

Um það bil 1,13 kg/lítra af óhvörfuðu efni.

UMBÚÐIR

Resfoam S 1 kg sett (0,36 kg af þætti A og 0,64 kg af þætti B).

Resfoam S 2,5 kg sett (1 kg af þætti A og 1,5 kg af þætti B).

GEYMSLA

Þátt **A** af **Resfoam S** er hægt að geyma í 9 mánuði á þurrum, skjólgóðum stað á hitastigi á bilinu +5 til +30°C í óopnuðum upprunalegum umbúðum.

Þátt **B** af **Resfoam S** er hægt að geyma í 24 mánuði á þurrum, skjólgóðum stað á hitastigi á bilinu +5 til +30°C í óopnuðum upprunalegum umbúðum.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bjóða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara Mapei er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblaðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Allar upplýsingar um vöruna eru fáanlegar samkvæmt beiðni frá www.mapei.com.

Öll fjölföldun og eftirgerð á texta, ljósmyndum og öðrum myndum sem er að finna í riti þessu er óheimil og getur varðað lögsoðr.

7609 -11-2017 (IS)



BULIDING THE FUTURE